

Sp. 1078. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu vegna hæstaréttar.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta reisa nú í sumar hæfileg starfsherbergi og dómsal fyrir hæstarétt á lóð ríkisins við Lindargötu, áfast Arnarhvoli.

Greinargerð.

Hæstiréttur heldur um þessar mundir aldarfjórðungs starfsafmæli. Hann hefur alla þá stund átt heima á lofti hegningarhússins, í húsakynnum, sem hafa verið óhentug svo sem frekast mátti vera fyrir dómara, málfærslumenn og gesti, er fylgjast vildu með störfum réttarins. Ég vakti eftirtekt Alþingis á þessu tilfinnanlega heimilisleysi hæstaréttar, þegar verið var að byggja háskólann, og taldi, að þar mætti um stundarsakir húa hæstarétti viðunandi starfsskilyrði. Hafði hæstiréttur Bandaríkjanna húið langa stund í þinghúsinu í Washington, þar til dómstóllinn fékk sín eigin húsakynni, og hefði islenska þjóðin vel mátt fylgja því fordæmi og ætla hæstarétti húsakynni um stundarsakir í einni af stórbyggingum landsins. Þetta var ekki gert, og var það verr farið. Nú verður ekki lengur hjá því komið að ráða fram úr húsnæðisþörf hæstaréttar. Er hér lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að reisa nú í sumar hús handa hæstarétti áfast við Arnarhvol. Þar yrði að visu aðeins um bráðabirgðaheimkynni að ræða, en vel má haga skipulagi þessarar byggingar á þann veg, að það verði hentugt skrifstofuhús, þegar þjóðin hefur efni og ástæður til að eignast dómhöll á heppilegum stað í bænum. Líta ýmsir menn svo á, að alþingishúsið geti á sínum tíma verið álitleg dómhöll, þegar Alþingi eignast sitt heimili, sniðið eftir nútímaþörfum.